

ÁLIT RÁÐGEFANDI NEFNDAR
SKV. 16. GR. SIÐAREGLNA ALÞINGISMANNA

Mál nr. 3/2019.

1.

Beiðni um álit.

Ráðgefandi nefnd skv. 16. gr. siðareglna alþingismanna (siðanefnd) hefur borist erindi forsætisnefndar, dags. 13. maí 2019.

Tilfnið er erindi átta þingmanna til forsætisnefndar, dags. 3. desember 2018, um meint brot þingmannanna Önnu Kolbrúnar Árnadóttur, Bergþórs Ólasonar, Gunnars Braga Sveinssonar, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, Karls Gauta Hjaltasonar og Ólafs Ísleifssonar á siðareglum alþingismanna. Erindið lýtur að því að þingmennirnir hafi á meðan þingstörf stóðu yfir 20. nóvember 2018 rætt „um aðra þingmenn og fleira fólk með ósæmilegum og niðrandi hætti eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum“.

Að mati forsætisnefndar reynir annars vegar á hvort einstök ummæli, sem eftir þingmönnum hafa verið höfð í fjölmiðlum, hafi mögulega falið í sér brot á siðareglum alþingismanna, sbr. c- og d-lið 1. mgr. 5. gr., 7. og 8. gr., og hins vegar hvort þingmennirnir hafi, með því að sitja athugasemdalaust undir ummælum annarra þingmanna, sem mögulega teldust brot á siðareglunum, ekki sýnt fordæmi og frumkvæði að því að styðja siðareglurnar í verki, sbr. h-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. siðareglna.

Í erindi sínu óskar forsætisnefnd eftir því að siðanefnd láti í ljós álit sitt á því „hvort umræddir þingmenn hafi, hver um sig, brotið gegn háttarnisskyldum sínum og meginreglum um háttarni eins og nánar er lýst í 5. lið bréfs forsætisnefndar, dags. 15. apríl sl., og að teknu tilliti til athugasemda þingmannanna frá 3. maí sl.“

Siðanefnd hefur áður fjallað um gildissvið siðareglna vegna málsins. Í áliti sínu dags. 25. mars 2019 í máli nr. 1/2018 komst meiri hluti nefndarinnar að því að háttarnið sem erindið til forsætisnefndar fjallar um, dags. 3. desember 2018, félli undir gildissvið siðareglna. Með því var ekki veitt álit á því hvort um brot á siðareglum væri að ræða en það er gert í þessu áliti.

2.

Málsmeðferð.

Siðanefnd hefur fjallað um málið á fundum sínum. Fyrir nefndinni liggja bréf forsætisnefndar til hvers og eins hinna sex framangreindra þingmanna, dags. 15. apríl 2019, bréf Karls Gauta Hjaltasonar og Ólafs Ísleifssonar til forsætisnefndar, dags. 3. maí 2019, og bréf Önnu Kolbrúnar Árnadóttur, Bergþórs Ólasonar, Gunnars Braga Sveinssonar og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar til forsætisnefndar, dags. 3. maí 2019. Með bréfum, dags. 29. maí 2019, var framangreindum þingmönnum veittur kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum til siðanefndar um þau efnisatriði sem forsætisnefnd hafði afmarkað í bréfum til þingmannanna,

dags. 15. apríl 2019. Svarbréf barst 7. júní 2019 frá Önnu Kolbrúnu Árnadóttur, Bergþóri Ólasyni, Gunnari Braga Sveinssyni og Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.

Í bréfinu gera þau „kröfu um að siðanefnd eyði öllum þeim upptökum af samtali [þeirra] sem siðanefndin [hafði] aflað sér.“ Jafnframt „að siðanefnd eyði endurriti af upptökunum sem starfsmenn þingsins unnu [...]“. Verði ekki fallist á það gera þau kröfu um að siðanefndin „styðjist ekki á nokkurn hátt við þessi gögn við meðferð og úrlausn málsins.“ Áður en þau myndu taka afstöðu til þess hvort þau kæmu frekari sjónarmiðum á framfæri við nefndina var þess óskað að siðanefnd yrði við framangreindum kröfum.

Af framangreindu tilefni var þingmönnum sent bréf, dags. 24. júní 2019, þar sem siðanefnd tekur fram að nefndin taki til meðferðar erindi sem forsætisnefnd beinir til hennar, sbr. 1. mgr. 16. gr. siðareglna. Kröfum um meðferð gagna sé réttilega beint til forsætisnefndar sem afmarki erindi og áframsendi þau gögn til siðanefndar sem hún óskar eftir að siðanefnd taki til umfjöllunar.

Í framangreindu bréfi siðanefndar var jafnframt vakin athygli þingmannanna á ákvæði 3. mgr. 17. gr. siðareglna, þar sem fram kemur að þingmaður sem sakaður er um að hafa brotið siðareglurnar skuli ávallt eiga þess kost, meðan mál hans er til umfjöllunar hjá forsætisnefnd, að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og upplýsingum.

Með bréfi, dags. 1. júlí 2019, fór forsætisnefnd fram á það við siðanefnd, í samræmi við óskir framangreindra þingmanna, að endurritum hljóðupptaka í vörslu nefndarmanna og ritara siðanefndar yrði eytt. Hefur siðanefnd þegar orðið við þeirri beiðni.

Siðanefnd aflaði ýmissa annarra gagna og upplýsinga sem hún taldi málið varða.

3.

Um siðareglur fyrir alþingismenn.

Siðareglur fyrir alþingismenn voru settar með þingsályktun nr. 23/145. Siðareglurnar eru byggðar á siðareglum Evrópuráðsþingsins. Sum ákvæði þeirra hafa verið staðfærð þar sem þau áttu ekki við á Alþingi en önnur eru íslensk þýðing þeirra.

Alþingismenn eru handhafar löggjafarvalds í umboði þjóðarinnar, þeir gegna trúnaðarstöðu gagnvart almenningi og njóta stöðu sinnar vegna sérstakra réttinda og bera skyldur umfram aðra. Siðareglurnar sem þeir hafa sett sér fela í sér skráningu á markmiðum, gildum og venjum sem þjóðkjörnum fulltrúum ber að fylgja og setja fram viðmið sem eru til þess fallin að efla gagnsæi í störfum þingsins og tiltrú og traust almennings á Alþingi. Ákvæði siðareglanna mynda þannig almenna umgjörð um hegðun eða háttarni þingmanna sem almennt má vænta af þeim sem þjóðkjörnum fulltrúum.¹

Samkvæmt 1. og 2. gr. siðareglna taka þær til alþingismanna og starfa þeirra og fela í sér viðmið um háttarni þeirra sem þjóðkjörinna fulltrúa. Reglurnar gilda um alþingismenn við opinbera framgöngu þeirra og snerta skyldur þeirra sem þjóðkjörinna fulltrúa. Samkvæmt 3. gr. reglnanna koma ákvæði þeirra til fyllingar skyldum sem alþingismenn hafa samkvæmt

¹ 145. löggjafarþing 2015–2016, þskj. 115, 115. mál.

stjórnarskrá, þingsköpum og úrskurðum forseta um góða reglu. Þá hefur meiri hluti siðanefndar með álitinu sínu í máli nr. 1/2018 litið svo á að háttsemiskröfur siðareglna tengist stöðu þeirra sem þjóðkjörinna fulltrúa. Þær taki ekki aðeins til eiginlegra starfa þingmanna heldur geti þær gilt um aðra hegðun eða háttarni, innan sem utan Alþingis, sem leiða megi af hlutverki þeirra.

Í 5. gr. siðareglna er að finna upptalningu í staflidum a-g á þeim meginreglum sem eiga við um háttarni alþingismanna sem þjóðkjörinna fulltrúa. Í skýringum við ákvæðið segir að staflidirnir hafi ekki að geyma nákvæma útlitun á háttarnisskyldum þingmanna heldur ráðist inntak þeirra nánar af atvikum hverju sinni. Hugtök a-liðar 1. mgr. 5. gr. um ábyrgð, heilindi og heiðarleika fá þannig nánari merkingu þegar lagt er mat á tiltekið háttarni með hliðsjón af b-g-liðum 1. mgr. ákvæðisins, 2. mgr. sömu greinar og reglum um háttarnisskyldur þingmanna skv. 7.-14. gr. siðareglanna.²

Í c-lið 1. mgr. 5. gr. er mælt fyrir um þá skyldu alþingismanna að kasta ekki rýrð á Alþingi eða skaða ímynd þess með framkomu sinni. Í 7. gr. segir svo að alþingismenn skuli í öllu háttarni sínu sýna Alþingi, stöðu þess og störfum virðingu. Tilgangur ákvæðanna er að vernda orðspor Alþingis. Margs konar háttarni þingmanns getur fallið hér undir. Þingmaður getur til að mynda kastað rýrð á Alþingi með háttarni sem telst ósiðlegt eða ólögmaett eða er talið óviðeigandi af hálfu þingsins. Almennt má þó segja að um sé að ræða framkomu sem er í andstöðu við skyldur þjóðkjörinna fulltrúa sem starfa í almannabágu. Hér undir getur til að mynda fallið ósæmileg framkoma eða endurtekin vanvirðing er lýtur að kynferði, kynþætti eða trúarbrögðum eða óviðeigandi notkun á aðstöðu eða búnaði þingsins í þágu annarra einstaklinga eða lögaðila.³

Með d-lið 1. mgr. 5. gr. er lögð sú skylda á alþingismenn að leggja sig fram um að skapa í störfum sínum heilbriggt starfsumhverfi innan þings sem utan og hvarvetna þar sem þeir sinna störfum sínum þar sem hafnað er hvers konar kynferðislegri eða kynbundinni áreitni, einelti eða annarri vanvirðandi framkomu. Í 8. gr. segir að þingmenn skuli ekki sýna öðrum þingmönnum, starfsmönnum þingsins eða gestum kynferðislega eða kynbundna áreitni, leggja þá í einelti eða koma fram við þá á annan vanvirðandi hátt. Þessi ákvæði komu inn í siðareglur fyrir alþingismenn með þingsályktun nr. 18/148. Byggðist hún á tillögum starfshóps um endurskoðun siðareglna fyrir alþingismenn frá 18. janúar 2018. Markmið breytinganna var að það kæmi fram með skýrum hætti að gildandi siðareglum fyrir alþingismenn væri ætlað að stuðla að öruggu og heilbrigðu starfsumhverfi innan þings þar sem hvers konar áreitni, kynferðislegri eða kynbundinni, og annarri vanvirðandi framkomu væri afdráttarlaust hafnað.⁴

4.

Afmörkun álitaeftna.

Í bréfum forsætisnefndar til Önnu Kolbrúnar Árnadóttur, Bergþórs Ólasonar, Gunnars Braga Sveinssonar, Sigmundar Davíð Gunnlaugssonar, Karls Gauta Hjaltasonar og Ólafs

² 145. löggjafarþing 2015–2016, þskj. 115, 115. mál.

³ 145. löggjafarþing 2015–2016, þskj. 115, 115. mál.

⁴ 148. löggjafarþing 2017–2018, þskj. 629, 443. mál.

Ísleifssonar er vísað til einstakra ummæla, sem eftir þeim voru höfð í fjölmiðlum, og hvort þau hafi mögulega falið í sér brot á siðareglum, sbr. c- og d-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. og 8. gr. siðareglanna, og hins vegar athafnaleysis þeirra þegar þau sátu undir ummælum annarra þingmanna sem mögulega teljast brot á siðareglum. Hið síðarnefnda kunni að fela í sér brot á h-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. siðareglanna.

Í eftirfarandi umfjöllun verða fyrst rakin einstök ummæli hvers þingmanns og hvernig siðanefnd telur afmörkuð ákvæði siðareglna horfa við þeim. Í kjölfarið verður umfjöllun um hvort á þingmönnum kunni að hvíla athafnaskylda á grundvelli siðareglna, sem m.a. kveða á um að alþingismenn skuli efla og styðja grundvallarreglur a-g-liðar siðareglna.

i. Ummæli Önnu Kolbrúnar Árnadóttur.

Í umfjöllun fjölmiðla er vísað til samtala þingmannanna um Freyju Haraldsdóttur. Þar kemur fram að Anna Kolbrún Árnadóttir hafi þrisvar vísað til hennar sem „Freyju eyju“ og „Eyju“. Í bréfi til forsætisnefndar, dags. 3. maí 2019, hafnar Anna Kolbrún Árnadóttir því alfarið að það sé brot á siðareglum að taka sér í munn orðin „Freyja eyja“. Uppnefni séu oft viðhöfð um stjórnámálamenn og eru rakin nokkur dæmi. Í umræddu tilviki hafi uppnefnið ekki falið í sér illmælgis eins og ætti að vera ljóst ef leitast væri við að kynna sér heildarmyndina.

Freyja Haraldsdóttir er stjórnámálakona. Hún var kjörin á stjórnlagaping árið 2010 og síðar skipuð í stjórnlagaráð auk þess sem hún tók sæti sem varaþingmaður Suðvesturkjördæmis júní-júlí og nóvember 2013 og september 2015 fyrir Bjarta framtíð. Hún hefur beitt sér fyrir réttindum fatlaðra og verið áberandi í þeirri umræðu. Freyja Haraldsdóttir fæddist með sjaldgæfan beinasjúkdóm sem veldur því að bein hennar eru stökk og brotna auðveldlega. Af þeim sökum þarf hún að nota hjólastól.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að koma í veg fyrir hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólki réttarvernd gegn mismunun á öllum sviðum og efla og vinna að virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þeirra. Alþingismenn bera sem áður segir sérstakar skyldur. Þeir eru opinberar persónur og geta haft mikil áhrif á samfélagið. Þeir verða að ganga á undan með góðu fordæmi. Eins og fram kemur í afmörkun forsætisnefndar geta siðareglur haft áhrif á það hvernig umfjöllun um pólitíska samherja og andstæðinga er komið á framfæri og þannig sett þingmönnum skorður. Á það t.a.m. við um ummæli sem vísa t.d. til kynferðis, útlits eða fötlunar þess sem um er rætt.

Þegar ummæli þingmannanna eru virt í heild virðist Anna Kolbrún Árnadóttir að mestu leyti hafa staðið utan þeirra samræðna sem fram fóru. Ummæli hennar, eins og þau eru afmörkuð af hálfu forsætisnefndar, gefa ekki til kynna að hún hafi ætlað sér að tala niður til fatlaðs fólks almennt. Hún grípur hins vegar inn í umræðurnar með uppnefni á tilteknum stjórnámálamanni. Rétt er að uppnefni hafa oft verið viðhöfð um stjórnámálamenn, auk þess sem þau hafa löngum viðgengist í íslensku samfélagi. Er þau af ýmsum toga, viðurnefni kann að ríma við nafn eða vísa til tiltekinna einkenna viðkomandi, eins og þau dæmi sem fram koma í athugasemdum fjögurra þingmanna til siðanefndar lýsa. Þau kunna að vera góðlátleg og í þeim kann að felast einhver broddur án þess að litið verði á þau sem illmælgis. Siðanefnd telur ekki augljóst að uppnefni það sem hér um ræðir verði réttlætt með slíkum skýringum. Það

virðist eiga sér aðrar rætur og vísa til líkamlegs ástands Freyju Haraldsdóttur vegna sjúkdóms hennar.

Siðanefnd telur að ummæli Önnu Kolbrúnar Árnadóttur kunni að þessu leyti að falla undir þær skorður sem forsætisnefnd nefnir í afmörkun sinni, að siðareglur setji alþingismönnum í umfjöllun þeirra um pólitíska samherja og andstæðinga. Ummæli af þessum toga geta þannig skaðað ímynd Alþingis. Það verður þó ekki fram hjá því litið að erfitt er að slá þessu föstu. Í ljósi afmörkunar forsætisnefndar og hversu takmarkaðar upplýsingar liggja til grundvallar þessum ummælum telur siðanefnd rétt að Anna Kolbrún Árnadóttir njóti vafans að þessu leyti.

Í ljósi framangreinds er það niðurstaða siðanefndar að ummæli Önnu Kolbrúnar Árnadóttur frá 20. nóvember 2018 fari ekki gegn c- og d-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. og 8. gr. siðareglna alþingismanna, eins og þau eru afmörkuð.

ii. Ummæli Bergþórs Ólasonar.

Í a-e-lið fimmta kafla erindis forsætisnefndar, dags. 15. apríl 2019, er vitnað til umfjöllunar fjölmiðla um ýmis ummæli Bergþórs Ólasonar.

Um Ingu Sæland, alþingismann og formann Flokks fólksins, sagði Bergþór Ólason eftirfarandi:

„[...] Þið eruð með þessa húrrandi klikkuðu kuntu sem formann Flokks fólksins, sem þið ráðið ekkert við. Þið ráðið ekkert við hana. Segið mér ef ég hef rangt fyrir mér. Ég mundi ekki ráða við hana, Sigmundur mundi ekki. Hún er fokking tryllt. [...]“

Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur alþingismann vændi Bergþór Ólason um kynferðislega áreitni og tilraun til nauðgunar, og sagði m.a.:

„Hún var að tosa buxurnar af hælunum á mér [...] Ég vakna úr nærbuxunum.“

„Þetta er sú þingkona sem hélt lengstu MeToo ræðuna. Og við sátum bara „what the fuck is going on.““

„Ég mun segja, ertu búin að gleyma því þegar þú reyndir að nauðga mér í alvöru?“

Um Írisi Róbertsdóttur, bæjarstjóra Vestmannaeyjabæjar, sagði Bergþór Ólason:

„Nú ætla ég að segja eitt sem er náttúrulega mjög dónalegt, en það fellur hratt á hana. Hún er miklu minna hot í ár en hún var bara fyrir tveimur árum síðan. Það er ótrúlegur munur.“

Um Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra sagði Bergþór Ólason:

„Það hefur engin gugga teymt mig meira á asnaeyrunum en hún, sem ég hef ekki fengið að ríða.“

„Þarna loksins kom skrokkur sem typpið á mér dugði í.“

Umræða um jafna stöðu kvenna og karla og kynbundið og kynferðislegt áreiti, einelti, ofbeldi og aðra vanvirðandi háttsemi af hálfu karla hefur verið áberandi síðustu misseri. Konur í

ólíkum starfsstéttum erlendis og hér á landi hafa greint frá slíkri reynslu. Fjöldi íslenskra kvenna hefur birt opinberlega reynslusögur sínar undir yfirskriftinni #MeToo. Alþingismenn hafa sýnt viðleitni til að vera í fararbroddi við að styðja og styrkja þá umræðu. Fljótlega eftir að Alþingi kom saman eftir alþingiskosningar í október 2017 komu karlkyns þingmenn þeirri áskorun til forsætisnefndar Alþingis að haldin yrði ráðstefna í formi „rakarastofu“ sem gæfi körlum og konum á þingi tækifæri til að eiga opinskáar samræður í ljósi umræðna um kynferðisofbeldi og áreitni í stjórnámálum. Hinn 19. desember 2017 fór fram sérstök umræða á Alþingi undir yfirskriftinni *Í skugga valdsins: #MeToo*. Þingmenn úr öllum þingflokkum og af báðum kynjum tóku þátt í umræðunum. Umræðan tók til samfélagsins alls og var alls ekki einskorðuð við stjórnámalin. Ræðumenn fordæmdu einróma ríkjandi ástand og áréttuðu mikilvægi þess að karlmenn hefðu frumkvæði að bættu hugarfari meðal karla og stuðluðu þannig að betra samfélagi. Var rík samstaða meðal ræðumanna um að hafna hvers konar ofríki og ofbeldi í garð kvenna. Þær breytingar sem gerðar voru á siðareglum alþingismanna með ákvæði d-liðar 5. gr. og 8. gr. má rekja til framangreinds. Eins og áður hefur komið fram var markmið þeirra að siðareglur kvæðu með skýrum hætti á um að þeim væri ætlað að stuðla að öruggu og heilbrigðu starfsumhverfi innan þings þar sem hvers konar áreitni, kynferðislegri eða kynbundinni, og annarri vanvirðandi framkomu væri afdráttarlaust hafnað.

Eins og fram kemur í afmörkun forsætisnefndar geta siðareglur haft áhrif á hvernig umfjöllun um samherja og andstæðinga er komið á framfæri og þannig sett þingmönnum skorður. Á það t.a.m. við um ummæli sem vísa til kynferðis, atriði sem varðað geta friðhelgi einkalífs eða teljast viðkvæmar persónuupplýsingar eða varða útlit eða fötlun þess sem í hlut á.

Eins og áður greinir getur hátterni sem telst ósiðlegt eða óviðeigandi af hálfu þingsins kastað rýrð á Alþingi og skaðað ímynd þess. Þar undir getur fallið ósæmileg framkoma eða vanvirðing er lýtur að kynferði, kynþætti eða trúarbrögðum. Siðanefnd telur ekki þörf á að greina hvert og eitt atriði í ummælum Bergþórs Ólasonar. Þau eru öll af sömu rótinni sprottin. Þau eru ósæmileg og í þeim felst vanvirðing er lýtur að kynferði þeirra kvenna sem um er rætt. Siðanefnd telur þau einnig til þess fallin að kasta rýrð á Alþingi og skaða ímynd þess, auk þess sem þau sýna Alþingi, stöðu þess og störfum ekki virðingu.

Í ljósi framangreinds er það niðurstaða siðanefndar að ummæli Bergþórs Ólasonar frá 20. nóvember 2018 brjóti gegn c- og d-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. og 8. gr. siðareglna alþingismanna.

iii. Ummæli Gunnars Braga Sveinssonar.

Í a-e-lið fimmta kafla erindis forsætisnefndar, dags. 15. apríl 2019, er vitnað til umfjöllunar fjölmiðla um ýmis ummæli Gunnars Braga Sveinssonar.

Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur alþingismann vændi Gunnar Bragi Sveinsson um kynferðislega áreitni og tilraun til nauðgunar, og sagði m.a.:

„Ég sagði bara nei [...] en það var bara suðað. Þá var bara eins og einhver hefði verið líflátinn. Hún var brjáluð, hún trylltist, hún grenjaði og öskraði. Ég bara hugsaði, hvað, á ég að ríða henni? Það var algjörlega kreisí.“

„Það getur vel verið að við ákveðnar aðstæður, ég ætla ekki að segja hvaða aðstæður, að ég þurfi að labba að henni og segja: Ertu búin að gleyma því þegar þú reyndir að nauðga mér?“

Um Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra sagði Gunnar Bragi Sveinsson:

„Henni er bara fokking sama um hvað við erum að gera. Hjólum í helvítis tíkina. Það er bara málið. Af hverju erum við að hlífa henni? Ég er að verða brjáláður! Af hverju erum við að hlífa henni?“

Um Ragnheiði Runólfsdóttur, afrekskonu í sundi, sagði Gunnar Bragi Sveinsson:

„Já sundkellingin þarna, voruði að lemja hana? [hlátur].“

Áður hefur verið vísað til umræðu um bættu stöðu kvenna hér á landi og er vísað til hennar.

Eins og fram kemur í afmörkun forsætisnefndar geta siðareglur haft áhrif á hvernig umfjöllun um samherja og andstæðinga er komið á framfæri og þannig sett þingmönnum skorður. Á það t.a.m. við um ummæli sem vísa til kynferðis, atriði sem varðað geta friðhelgi einkalífs eða teljast viðkvæmar persónuupplýsingar eða varða útlit eða fötlun þess sem í hlut á.

Eins og áður greinir getur háttarni sem telst ósiðlegt eða óviðeigandi af hálfu þingsins kastað rýrð á Alþingi og skaðað ímynd þess. Þar undir getur fallið ósæmleg framkoma eða vanvirðing er lýtur að kynferði, kynþætti eða trúarbrögðum. Siðanefnd telur ekki þörf á að greina hvert og eitt atriði í ummælum Gunnars Braga Sveinssonar. Þau eru öll af sömu rótinni sprottin. Þau eru ósæmleg og í þeim felst vanvirðing er lýtur að kynferði þeirra kvenna sem um er rætt. Siðanefnd telur þau einnig til þess fallin að kasta rýrð á Alþingi og skaða ímynd þess, auk þess sem þau sýna Alþingi, stöðu þess og störfum ekki virðingu.

Í ljósi framangreinds er það niðurstaða siðanefndar að ummæli Gunnars Braga Sveinssonar frá 20. nóvember 2018 brjóti gegn c- og d-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. og 8. gr. siðareglna alþingismanna.

iv. Ummæli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar.

Í a-c-lið fimmta kafla erindis forsætisnefndar, dags. 15. apríl 2019, er vitnað til umfjöllunar fjölmiðla um ýmis ummæli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar.

Í tengslum við frásagnir um Freyju Haraldsdóttur, sem vísað er til hér að framan, lætur Sigmundur Davíð Gunnlaugsson eftirfarandi ummæli falla:

„Þessir tveir menn eiga það sameiginlegt að hafa sérstakan áhuga á tveimur konum, Freyju [hérna] ...“

„Og Albertínu.“

„Þetta eru konur sem sameina þessa tvo menn.“

Áður hefur verið fjallað um tvíráð ummæli Önnu Kolbrúnar Árnadóttur um Freyju Haraldsdóttur. Siðanefnd fær ekki séð að framangreind ummæli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar í tengslum við þau ummæli feli í sér brot á siðareglum.

Í tengslum við ummæli Bergþórs Ólasonar og Gunnars Braga Sveinssonar lét Sigmundur Davíð Gunnlaugsson eftirfarandi athugasemdir falla:

„Það voru ýmsir sem sögðu „take one for the team“ en Beggi var ekki til.“

„Þessir menn munu aldrei ná bata nema þeir opni sig, og það í opnuviðtali.“

„Þið sjáið að þessir menn þurfa stuðning, skilning og stuðning.“

„Já, ég meina það [áfengi] er oft besta leiðin til að takast á við svona.“

„Ef menn vilja vera með í nútímanum þá fara þeir í viðtal á DV.“

Áður hefur verið fjallað um alvarleg ummæli Bergþórs Ólasonar og Gunnars Braga Sveinssonar. Framangreind ummæli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar verður að meta með hliðsjón af því að þau eru sögð í beinum tengslum við yfirlýsingar þeirra um kynferðislega áreitni og tilraun til nauðgunar. Með þeim tekur hann þátt í umræðunum og virðist taka undir orðfærið í garð Albertínu Friðbjargar Elíasdóttur.

Þegar ummælin eru virt í heild sinni, skv. afmörkun forsætisnefndar, sést að þau alvarlegustu, þ.e. „Það voru ýmsir sem sögðu „take one for the team“ en Beggi var ekki til“ falla tiltölulega snemma í samræðunum, áður en ljóst verður um hvern er rætt. Erfitt er því að slá því föstu að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hafi vitað að framangreindar ásakanir snertu Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur. Í ljósi afmörkunar forsætisnefndar og hversu takmarkaðar upplýsingar liggja til grundvallar þessum tilteknu ummælum telur siðanefnd rétt að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson njóti vafans að þessu leyti. Í öðrum ummælum virðist vera ákveðinn undirtónn sem skilja má sem hæðni gagnvart þolendum kynferðisofbeldis. Siðanefnd telur þau þó of almenn til þess að meta þau andstæð siðareglum.

Í tengslum við orð Bergþórs Ólasonar um Írisi Róbertsdóttur, bæjarstjóra Vestmannaeyjabæjar, lét Sigmundur Davíð Gunnlaugsson eftirfarandi ummæli falla:

„Þetta er svona mómment, ung kona, ungt fólk í Sjálfstæðisflokknum, lyftum henni.“

Síðan viðhefur Bergþór Ólason þau ummæli sem áður hefur verið lýst. Strax í kjölfarið segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson:

„Og á þeim forsendum segi ég að hún hrynji niður listann.“

Áður hefur verið fjallað um mikilvægi umræðunnar um bættu stöðu kvenna hér á landi og viðleitni Alþingis og sérstakar skyldur alþingismanna í þeim efnum. Vísast til þeirrar umfjöllunar.

Ummæli Bergþórs Ólasonar um Írisi Róbertsdóttur lýsa tilteknum viðhorfum til ungra kvenna í stjórnámálum. Framangreind ummæli Sigmundar Davíðs verður að meta með hliðsjón af því að þau eru sögð í beinum tengslum við þau ummæli. Hann tekur þátt í umræðunum og tekur þannig undir orðfæri Bergþórs Ólasonar í garð Írisar Róbertsdóttur.

Siðanefnd telur þó ekki að orð hans eins og þau eru afmörkuð af forsætisnefnd brjóti gegn siðareglum.

Í ljósi framangreinds er það niðurstaða siðanefndar að ummæli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar frá 20. nóvember 2018, eins og þau hafa verið afmörkuð, fari ekki gegn c- og d-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. og 8. gr. siðareglna alþingismanna.

5.

Frumkvæði að stuðningi við siðareglur.

Í erindi forsætisnefndar til siðanefndar er jafnframt óskað álits á því hvort Anna Kolbrún Árnadóttir, Bergþór Ólason, Gunnar Bragi Sveinsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Karl Gauti Hjaltason og Ólafur Ísleifsson hafi, með því að sitja athugasemdalaust undir ummælum annarra þingmanna, ekki sýnt fordæmi og frumkvæði að því að styðja siðareglurnar í verki, sbr. h-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. siðareglna alþingismanna. Nánar tiltekið hvort þingmennirnir hafi mögulega sýnt af sér ósæmilega framkomu með því að láta hjá líða að hafa áhrif á framgang umræðnanna og þar með ekki sýnt fordæmi og frumkvæði að því að stöðva þær eins og leiða megi af h-lið 1. mgr. 5. gr. siðareglanna. Í afmörkun forsætisnefndar kemur fram að hér hafi hún í huga að alþingismenn gegni trúnaðarstöðu í íslensku samfélagi og háttsemiskröfur siðareglanna tengist stöðu þeirra sem þjóðkjörinna fulltrúa.

Í h-lið 1. mgr. 5. gr. siðareglanna segir að alþingismenn skuli sem þjóðkjörnir fulltrúar efla og styðja grundvallarreglur þessar með því að sýna frumkvæði og fordæmi. Í greinargerð með siðareglunum er ekki að finna útskýringu á því hvaða skilning beri að leggja í ákvæði h-liðar 1. mgr. 5. gr. um hve langt þingmönnum ber að ganga við að styðja siðareglurnar í verki. Þá bera siðareglurnar ekki með sér hvort þingmenn geti gerst brotlegir vegna athafnaleysis í tengslum við brot annarra þingmanna.

Eins og fram kemur í afmörkun forsætisnefndar reynir hér á það hvort ákvæði h-liðar 1. mgr. 5. gr. siðareglna geri þá kröfu til þingmanna að þeir hafi áhrif á framgang umræðu með því t.d. að gera athugasemdir, stöðva hana eða tjá afstöðu sína til hennar með öðrum hætti, svo sem með því að fara úr viðkomandi aðstæðum.

Siðanefnd telur að efling og stuðningur við siðareglur samkvæmt h-lið 1. mgr. 5. gr. snúist fyrst og fremst um það að hver þingmaður virði ákvæði siðareglanna og hafi forgöngu um að sýna gott fordæmi í tali og gjörðum. Alþingismenn skuli þannig gæta þess að orð þeirra og háttsemi séu í samræmi við siðareglur. Við mat á því hvort í tilteknum umræðum þingmanna felist brot á siðareglum er þá litið til þátttöku viðkomandi þingmanns í þeim, eins og gert er í umfjöllun siðanefndar hér að framan. Eins getur komið til skoðunar hvort viðkomandi hafi tekið undir ummæli annarra eða á annan hátt gefið til kynna að hann sé jákvæður eða a.m.k. ekki mótfallinn viðkomandi umræðu. Mörkin milli athafna samkvæmt framangreindum dæmum og athafnaleysis eru þó ekki skýr. Í ljósi þess telur siðanefnd sér ekki fært að fullyrða um að h-liður 1. mgr. 5. gr. siðareglna geri þær kröfur til þingmanna að þeir aðhafist með þeim hætti sem lýst er í afmörkun forsætisnefndar. Því verður ekki litið svo á að Anna Kolbrún Árnadóttir, Bergþór Ólason, Gunnar Bragi Sveinsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Karl Gauti Hjaltason og Ólafur Ísleifsson hafi gerst brotleg gegn siðareglum alþingismanna vegna athafnaleysis.

Í ljósi framangreinds er það niðurstaða siðanefndar að Anna Kolbrún Árnadóttir, Bergþór Ólason, Gunnar Bragi Sveinsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Karl Gauti Hjaltason

og Ólafur Ísleifsson hafi ekki gerst brotleg gegn siðareglum alþingismanna vegna athafnaleysis.

5. júlí 2019

Margrét Vala Kristjánsdóttir.

Róbert H. Haraldsson.

Bókun Jóns Kristjánssonar formanns.

Ég hef um tíma setið í siðanefnd Alþingis sem varamaður Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Ég hef unnið þar með starfsmanni nefndarinnar og sérfræðingum, sem hafa farið vandlega yfir stöðu mála og unnið þar að mínum dómi faglega og af heiðarleika.

Varðandi það mál sem hér er til afgreiðslu er það þannig vaxið að vegna stjórn málaþátttöku minnar á liðnum tíma með eða á móti þeim aðilum sem þar er fjallað um er það mín tilfinning að mig skorti þá óhlutdrægni sem nauðsynleg er til þess að kveða upp í því dóma sem ég get varið fyrir samvisku minni. Ég treysti hins vegar öðrum nefndarmönnum vel til þess verks. Ég hef því ekki tekið þátt í umfjöllun nefndarinnar um þetta mál og skrifa því ekki undir efnislegar tillögur hennar, en vil skýra afstöðu mína með þessari bókun.